

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Deiliskipulag frístundalóðar í landi Miðdals.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundalóðar í landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 2,3 ha frístundalóð, hámarksstærð húss 90 m², stærð geymslu 20 m², hámarkshæð 7,5 m².

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi Höfðahverfis, Svöluhöfði 24.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Svöluhöfða 24, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Breytingin varðar stækkun á byggingarreit. Byggingarreitur stækkar að hluta um 2 m til suðurs og 1 m til austurs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 27. ágúst 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Höfðahverfis, Þrastarhöfði, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Þrastarhöfða, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júní 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 111 íbúðum, 68 íbúðum í fjölbýli og 43 íbúðum í rað-, par- og einbýlishúsum. Svæðið afmarkast af Blika- og Hrafnshöfða, Baugshlíð og Blika-staðalandi. Jafnframt breytist stofnanasvæði Höfðahverfis í íbúðasvæði sem tilheyrir Þrastarhöfða.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 3. september 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.